

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2018

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.), 64. mál

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 13. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998, 64. mál.

Neytendasamtökin fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Samtökin hafa ítrekað gagnrýnt núverandi fyrirkomulag þar sem afurðarstöðvum í mjólkuriðnaði er tryggð undanþága frá ákvæðum samkeppnislaga. Samtökin telja eðlilegt að ákvæði samkeppnislaga gildi að fullu í mjólkuriðnaði sem og annars staðar á markaði enda er samkeppni besta trygging neytenda fyrir sanngjörnu verði og fullnægjandi vöruframboði. Neytendasamtökin benda enn fremur á að Samkeppniseftirlitið hefur lengi kallað eftir þeim breytingum sem hér eru lagðar til og hafa sagt núverandi fyrirkomulag draga úr jákvæðum áhrifum heilbrigðrar samkeppni.

Þau ákvæði sem hvað umdeildust eru í frumvarpinu; 13. og 71. gr. búvörulaga nr. 99/1993, hafa verið við lýði í 15 ár og á þessum tíma hefur orðið veruleg samþjöppun hjá afurðarstöðvum eins og kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunnar frá júní 2015. Talsmenn óbreytts kerfis benda á að mikil hagræðing hafi orðið á þessum tíma sem þakka megi fyrrnefndum undanþágu-ákvæðum. Þeir telja jafnframt nauðsynlegt að afurðarstöðvar í mjólkuriðnaði njóti áfram slíkrar undanþágu með sérlögum. Neytendasamtökin benda á að Samkeppniseftirlitið heimilar undanþágu frá samkeppnislögum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Það er mun eðlilegra að aðilar í mjólkurframleiðslu sæki um slíkar undanþágur þegar það á við og Samkeppniseftirlitið tryggi að slíkt samráð bitni ekki á neytendum, en að þessir aðilar njóti undanþágu frá samkeppnislögum með sérákvæði í lögum umfram aðrar atvinnugreinar.

Í frumvarpinu er lagt til að opinberri heildsöluverðlagningu verði hætt á flestum mjólkurvörum enda muni sú ráðstöfun leiða til eðlilegri verðmyndunar. Verðlagsnefnd myndi þó starfa áfram með takmarkaðra hlutverk. Neytendasamtökin eru fylgjandi þessari breytingu enda er um ákveðna neyslustýringu að ræða þegar sumar mjólkurvörur eru undirverðlagðar en aðrar vörur seldar með hærri álagningu en ella. Farsælast er að verð á mjólkurvörum endurspegli sem best framleiðslukostnað og að hið opinbera standi ekki í neyslustýringu af þessu tagi.

Neytendasamtökin mæla með því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna

Brynhildur Pétursdóttir, frkvstj.